

**Reglur á árinu 2006 um niðurfellingu fasteignagjalda.  
Ellilífeyrisþegar og öryrkjar.**

1. Reglur um niðurfellingu fasteignagjalda til elli- og örorkulífeyrisþega er vegna íbúðarhúsnæðis þeirra til eigin nota og fyrir þá sem eiga lögheimili í Ísafjarðarbæ. Niðurfellingin er tekjutengd og miðuð við árstekjur 2004, sbr. álagningu skattstjóra 2005 og tekur einungis til fasteignaskatts og holræsagjalds.
2. Tekjuviðmiðun:

<b>Einstaklingar</b>			<b>Hjón/sambýlingar</b>		
<b>tekjur</b>	<b>kr.</b>	<b>afsláttur</b>	<b>tekjur</b>	<b>kr.</b>	<b>afsláttur</b>
Allt að	1.600.000	100%	Allt að	2.130.000	100%
Allt að	2.130.000	50%	Allt að	2.615.000	50%

Hærri tekjur gefa engan afslátt. Afslátt fá ellilífeyrisþegar fæddir 1938 og fyrr.

3. Ellilífeyrisþegi hefur heimild til að leggja fram tekjuvottorð vegna tekna á árinu 2005 og breytast fasteignagjöld ársins 2006 til samræmis við reglur í lið 2.
4. Hafi veruleg tekjulækkun orðið hjá ellilífeyrisþega milli áranna 2004 og 2005 hefur bæjarráð heimild til að taka tillit til þess við niðurfellingu fasteignagjalda, berist umsókn um slíkt.
5. Við fráfall maka ellilífeyrisþega skulu fasteignaskattur og holræsagjald af íbúðarhúsnæði sem maki hins látna (hinnar látnu) á og býr í falla niður að fullu fyrsta árið, þó að hámarki 64.000 kr.
6. Sömu reglur skulu gilda um niðurfellingu fasteignagjalda hjá öryrkjum með 75% örorku eða meiri.
7. Falli aðstæður ekki undir þær reglur sem að framan greinir er bæjarráði heimilt að ákveða um lækkun eða niðurfellingu fasteignagjalda.
8. **Hámarks afsláttur til greiðslu fasteignaskatts og holræsagjalds er 64.000 kr.**